

Raunsæi '68-kynslóðarinnar 1970–1985

Verkefni sem tengist tónlist þessara ára.

Hér á eftir má lesa texta Bítlanna, *When I'm sixty-four*, og tvö ljóð sem greinilega eru ort undir áhrifum frá þessari ágætu hljómsveit.

Verkefni:

Finndu út hvenær þeir félagarnir ortu þennan texta. Hversu gamlir eru þeir þá? Hvaða tilfinningar má lesa út úr textanum sem tengjast aldri og því að eldast? Hversu gamall er McCartney í dag og er ljóðið lýsing á honum nú? Hvað var Steinunn gömul þegar hún orti sitt ljóð sem er bein vísun í Bítlana? Hvað finnst henni um það að verða gömul? Lestu nú ljóðbút Matthíasar Johannessen og dragðu ályktanir af honum – hvað höfundur hefur að segja um ljóðið *When I'm sixty-four* þegar hann hugsar til John Lennon?

When I'm sixty-four

When I get older losing my hair,
Many years from now.
Will you still be sending me a Valentine
Birthday greetings bottle of wine.
If I'd been out till quarter to three
Would you lock the door,
Will you still need me, will you still feed me,
When I'm sixty-four.

You'll be older too,
And if you say the word,
I could stay with you.

I could be handy, mending a fuse
When your lights have gone.
You can knit a sweater by the fireside
Sunday morning go for a ride,,
Doing the garden, digging the weeds,
Who could ask for more.
Will you still need me, will you still feed me,
When I'm sixty-four.

Every summer we can rent a cottage,
In the Isle of Wight, if it's not too dear
We shall scrimp and save
Grandchildren on your knee
Vera Chuck & Dave

Send me a postcard, drop me a line,
Stating point of view
Indicate precisely what you mean to say
Yours sincerely, wasting away
Give me your answer, fill in a form
Mine for evermore
Will you still need me, will you still feed me.
When I'm sixty-four.

(Lennon og McCartney)

When I'm sixty four

Gætirðu hugsað þér
að verða sextíuogfjögurra ára
með mér?
Eignast gleraugu og staf.

Gætirðu hugsað þér
mig sextíuogtveggja?
Geðvonda en virðulega.

Gætirðu hugsað þér
að eignast sextíuogþrjú börn
með mér?
Allt ljóshærða stráka.

Og herskara af barnabörnum?

Gætirðu hugsað þér það?

Steinunn Sigurðardóttir

Kafli úr ljóðinu **Lennon** eftir Matthías Johannessen

Þið sem sunguð um ástina friðinn
og drenginn í draumi ykkar, hann
sem breytti heimi leitandi augna
í paradísarheimt
og átti ekki að vera hræddur við
að gráta: kannski verður hann
sextíuogfjögurra ára einn byssulausan
dag verður hann sextíuogfjögurra ára
í söng þessa fullorðna barns
og eilífu æði bitilsins og þá verður
þú, Lennon, í fögnuði guðanna
umvafinn aðventubrosi gyðjunnar
sem hellti hassgeislum yfir ást ykkar
þegar Yoko hélt það væri jafn saklaust
að syngja: Hard times are over
og ykkur McCartney þótti sjálfsagt að sá dagur kæmi
when I'm sixty-four, en hann kom ekki
enginn nýr dagur kemur úr gusandi
byssuhlaupi, samt munum við heyra púðurreykinn
af þessum framandi orðum: all we are saying
is give peace a chance, orð orð
máttvana minning þegar sólbros gyðjunnar
breytist í svart hrynjandi myrkur.